

Fundur í fjölmeningarteymi 20.05.2021

Mætt: Erla, Ragnhildur, Sindri, Hildur

Myndun fjölmeningarráðs

Meiri hlutinn er búinn að skipa sinn fulltrúa en minni hlutinn er að vinna í sinni skipan. Ákveðið að teymið velji ekki fulltrúa fyrr en pólitíkin er búin að tilnefna til að tryggja blöndun og jafnræði. Eva Bjarnadóttir í Örafum ætlar að aðstoða teymið við að finna fulltrúa í Örafum/Suðursveit.

Viðburðir í sumar og haust

Menningarmiðstöðin hefur verið að kalla eftir hugmyndum að viðburðum í sumar í staðinn fyrir Humarhátíð. Hildur fór á fund með starfsfólki menningarmiðstöðvar og var þar samþykkt að efna til viðburðar þar sem íbúar koma saman og borða kvöldmat gegn vægu gjaldi. Þema kvöldsins verður heimaland íbúa frá einhverjum af þeim 40 þjóðernum sem hér búa. Verið er að vinna í því að fá fólk til að taka þátt í undirbúning. Hafið er tilbúið að leigja sal og er verið að ræða við matreiðslumeistara sem ætlar að halda utan um viðburðinn ásamt erlendum íbúum.

Rannsókn á vegum Kötluseturs

Kötlusetur hefur verið að vinna að rannsókn á upplifun erlendra íbúa á svæðinu og má vænta niðurstaðna í lok maí.

Uppfærsla á upplýsingabæklingi ásamt yfirliti yfir íþrótt- og tómstundastarf í sveitarfélaginu

Sindri Ragnarsson hefur verið að vinna að uppfærslu á upplýsingabæklingnum sem sendir eru á heimilisföng erlenda íbúa. Nýji bæklingurinn er tilbúinn á ensku og pólsku. Sindri hefur einnig verið að vinna að því að safna saman upplýsingum um félagsstarf í sveitarfélaginu og verða þær upplýsingar framvegis sendar á nýja íbúa um hver mánaðamót.